# FUNDARGERÐ
# BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**695. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 9. maí 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Bréf Húnaprents sf.
2. Bréf Guðbjargar Ingu Guðmundsdóttur.
3. Staðfest skipulag Almannavarna Húnavatnssýslna.
4. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 14. apríl s.l..
5. Fundargerð 786. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**Afgreiðslur:**

1. Lagt fram bréf Húnaprents sf. dags. 2. maí s.l. þar sem óskað er eftir svörum við 12 spurningum varðandi ákvarðana-og vinnuferli við útgáfu bæklings til eflingar markaðssetningar Húnaþings vestra. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
2. Lagt fram bréf Guðbjargar Ingu Guðmundsdóttur dags. 4. maí s.l., þar sem hún óskar eftir launalausu leyfi í eitt ár þ.e.skólaárið 2011-2012. Byggðarráð samþykkir erindið.
3. Lagt fram til kynningar staðfest skipulag Almannavarna í Húnavatnssýslum.
4. Lögð fram til kynningar fundargerð menningarráðs Norðurlands vestra frá 14. apríl s.l.
5. Lögð fram til kynningar fundargerð 786. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. apríl s.l. Elín R. Líndal kynnti.
   Samþykkt að taka á dagskrá.

6. Lagt fram bréf frá Erlu B. Kristinsdóttur f.h. rekstraraðila tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi dags. 9. maí vegna leigu á tjaldsvæðinu 23. – 27. júní nk. meðan á landsmóti UMFÍ 50+ stendur. Rekstraraðilar vilja taka fram að þeir beri ábyrgð á öllum þeim kostnaði sem til fellur vegna reksturs svæðisins landsmótsdagana 23.júní – 27. júní nk. Sá kostnaður er m.a. laun allra starfsmanna, rafmagn, hiti, hreinlætiskostnaður og sorphirða. Einnig taki þeir á sig tekjutap sem kann að verða þessa stóru ferðahelgi.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 14:45

| | |
|---|---|
| Sigurbjörg Jóhannesdóttir. | Leó Örn Þorleifsson |
| Elín R. Líndal | Guðrún Ragnarsdóttir skrifstofustjóri |

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.